

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	10. mars 2022	Tími: 11:30-12:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og TEAMS		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	SJ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir og Gylfi Ólafsson.		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 10. mars 2022

1. Fundargerð 4. febrúar 2022

Fundargerð stjórnarfundar 4. febrúar 2022 samþykkt.

2. Erindi félagsmanns um launaákvæðanir forstöðumanna og lífeyrissjóðsgreiðslur

Stjórn fór yfir erindi um eftirlaunakjör tiltekinna forstöðumanna þar sem m.a. var bent á ýmis atriði sem geta skipt máli varðandi launasetningarmál forstöðumanna almennt. Í erindinu er lýst ákveðnum áhyggjum af eftirlaunum tiltekinna forstöðumanna m.t.t. fastra launa vs. heildarlauna.

Ákveðið að beina erindinu til KMR auk þess að óska eftir upplýsingum um um hversu stóran hluta félagsmanna/hvaða félagsmenn þessi staða, sem lýst er, á við?

3. Önnur mál

a. Staða lagafrumvarps um breytingar á ákvæði starfsmannalaga um launaákvæðanir forstöðumanna

Samkvæmt svari KMR sem barst FFR 23. febrúar sl. um stöðu málsins er málið í farvegi innan fjármála- og efnahagsráðuneytis en ekki liggur fyrir hvenær lokið verður við að fara yfir innkomnar umsagnir og ákvarða framhald málsins. Vonast er til að það verði á næstu vikum.

KS hefur upplýsingar um að málið fari til umfjöllunar efnahags- og viðskiptanefndar. Málinu hefur ekki enn verið vísað til nefndarinnar skv. dagskrá nefndarinnar. Umsögn FFR var eina umsögnin sem barst í málið í Samráðsgátt.

b. Umsóknir um að ganga í félagið

DH fór yfir nýlegar umsóknir sem hafa borist félaginu um aðild.

c. Tilkynningar um starfslok og skipanir forstöðumanna

Umræður um hvort að félagið geti fengið formlegar upplýsingar um starfslok forstöðumanna sem og nýjar skipanir. Ákveðið að senda formlegt erindi til KMR.

d. Undirbúningur aðalfundar í maí nk.

Ákveðið að halda næsta aðalfund félagsins 19. maí nk. DH hefur samband við kjörnefnd og undirbýr fundinn að öðru leyti.

e. Heimsókn á stofnun

KS hafði samband við Umhverfisstofnun sem hefur gert nokkrar tilraunir til að bjóða félagsmönnum í heimsókn sem ekki hefur gengið vegna heimsfaraldurs.